

## *Samþykkt fyrir Öldungaráð Sveitarfélagsins Árborgar*

### **1.gr.**

#### *Umboð*

Öldungaráð Árborgar starfar í umboði bæjarstjórnar Árborgar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari.

### **2.gr.**

#### *Verksvið*

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Árborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri. Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefnda og ráða. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

### **3.gr.**

#### *Hlutverk og markmið*

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og sveitarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við sveitarstjórn að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

### **4.gr.**

#### *Skipan*

Öldungaráð er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara og skal annar aðalmanna vera formaður ráðsins. Félag eldri borgara á Eyrarbakka kýs einn fulltrúa og annan til vara. Félag eldri borgara á Selfossi kýs einn fulltrúa og annan til vara. Umsjónarmenn félagsstarfs á Stokkseyri kjósa einn fulltrúa og annan til vara.

### **5.gr.**

#### *Boðun funda og fundarsköp*

Öldungaráð skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með bæjarstjórn Árborgar.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við félagsmálastjóra Árborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn fundarboðun og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Félagsmálastjóri skal sitja fundi öldungaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Árborgar sem og aðra þá sem talið er þörf á hverju sinni.



**6.gr.**

***Fundaskipulag og ritun fundargerða***

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Öldungaráð skal halda gerðabók og senda afrit fundargerða til bæjarstjórnar jafnóðum.

Félagsmálastjóri skal annast ritun fundargerða ráðsins.

**7.gr.**

***Málsmeðferð***

Við undirbúning mála og stjórnvaldsáskvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnslöðum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Samþykkt í félagsmálanefnd þann 3. júní 2015 og bæjarráð þann 9. júlí 2015.

Ásta Stefánsdóttir  
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar